



Umsögn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Umsögn um beiðni Grænna skáta um stuðning

Þann 16. maí sl. barst erindi frá framkvæmdastjóra Grænna skáta með ósk um styrk frá Reykjavíkurborg vegna starfsemi Grænna skáta:

Mikill vöxtur hefur verið undafarin misseri hjá Grænum skátum og hefur starfsmönnum fjölgað. Þetta hefur kallað á nýjar áskoranir í starfseminni. Okkar fötluðu einstaklingar þurfa mikinn stuðning og því þyrfti að ráða til starfa hópstjóra sem heldur utan um þennan góða hóp og veita stuðning. Þarfir okkar starfsmanna geta verið krefjandi og mjög ólíkar. Við óskum því eftir því við borgina að hún kosti eitt stöðugildi hjá okkur í formi hópstjóra.

Umsögn:

Frá upphafi hafa starfað hjá Grænum skátum einstaklingar með skerta starfsgetu. Starfsmenn með skerta starfsgetu eru orðnir 35, flestir með búsetu í Reykjavík.

Samvinna við Græna skáta hefur gengið vel og starfsemin skiptir þá fötluðu einstaklinga sem þar starfa miklu máli. Þeir einstaklingar sem starfa hjá Grænum skátum þyrftu margir hæfingartengda þjónustu á vegum sveitarfélagsins ef þeir hefðu ekki starf hjá Grænum skátum.

Af hálfu skrifstofu málefna fatlaðs fólks á velferðarsviði er mælt með því að erindi Grænna skáta verði samþykkt. Mikilvægt er að auka framboð á atvinnu með stuðningi fyrir fatlað fólk, starfsemin er einnig afar umhverfisvæn og styður við æskulýðsstarf í landinu. Áætlaður kostnaður er um 10 m.kr. á ári.

Fylgiskjal:

Erindi frá Grænum skátum dags. 16. maí 2022